



Framtíðarsýn AKÍS 2025-2031

Markmið Akstursíþróttasambands Íslands, AKÍS, er að Ísland verði talið meðal fremstu landa sem stunda akstursíþróttir og að Ísland eigi keppenda/keppendur á meðal 10 bestu í heiminum í sinni grein

Saga akstursíþróttá á Íslandi nær aftur til þess tíma er fyrsta torfæran var haldin 1965. Bílaklúbbur Akureyrar var stofnaður 1974 og ári síðar var Kvartmíluklúbbur stofnaður. Árið 1975 var fyrsta rallkeppnin haldin af Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB. Árið 1977 var Bifreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur stofnaður.

Þann 1. september 1978 var Landssamband íslenskra akstursfélaga, LÍA, stofnað. Með samþykki og stuðningi FÍB þá samþykkti Alþjóðaakstursíþróttasambandið, FIA, þann 1. október 1992 að LÍA færi með málefni akstursíþróttá á Íslandi.

Akstursíþróttasamband Íslands, AKÍS, var stofnað í desember 2012, en áður hafði verið starfandi Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA.

AKÍS vinnur stöðugt að því að laga umhverfi akstursíþróttá að því sem best gerist erlendis. AKÍS mun vinna að því að efla Akstursíþróttir fyrir alla og sérstaklega skal horft til einstaklinga sem í einhverjum tilfellum eiga erfiðara með að hasla sér völl í öðrum íþróttagreinum eins og fólk með einhvers konar fötlun. AKÍS mun taka þátt í vinnu alþjóða aksturssambandsins FIA í þessa átt..

Til þess að Íslendingar verði taldir meðal fremstu þjóða heims í akstursíþróttum þurfa margir aðilar að vinna saman að því markmiði. Það er ekki nóg að hlúa vel að keppendum, heldur verða allir þættir akstursíþróttá að vera með besta móti og Ísland að leitast við að vera í fararbroddi í alþjóðlegu samstarfi.

Akstursíþróttir hafa þá sérstöðu að ekki er eingöngu verið að virkja einstaklinga til þátttöku á mótum og stórmótum. Þar vegur einnig þungt öryggi áhorfenda, starfsmanna og keppenda ásamt ökutæki og keppnissvæði. Því eru margir þættir sem þurfa að vinna saman til að ná markmiðum AKÍS.



Akstursíþróttasamband Íslands

Skipulag

Aðilar að AKÍS eru:

1. Akstursíþróttasamband Íslands AKÍS
2. Akstursíþróttafélögin í landinu
3. Keppnisráð einstakra greina
4. Landsliðsnefndir AKÍS
5. Keppendur

1. Akstursíþróttasamband Íslands - AKÍS

AKÍS eru heildarsamtök akstursíþróttafélaganna í landinu og nær markmiðum sínum með áherslu á eftirfarandi þætti:

Lög og reglur

Akstursíþróttir eru ein fárra íþróttagreina sem stundar sína íþrótt með sérstakri heimild í reglugerð. AKÍS vinnur markvisst að því að bæta lagaumhverfi akstursíþróttá á Íslandi þannig að reglugerðin og framkvæmd hennar tryggi sem best öryggi áhorfenda, keppenda og starfsmanna auk þess að aldursmörk séu í samræmi við það sem þekktist í löndunum í kringum okkur.

Keppnishald

AKÍS hefur yfirumsjón með keppnishaldi með útgáfu keppnisdagatals, umsögn um keppnir, samþykktum keppnisreglum, skráningu keppenda, útgáfu keppnisskírteina, utanumhald stiga til íslandsmeistara, og útnefningu akstursíþróttamanns ársins.

Keppnissvæði og mannvirkjamál

Góð keppnissvæði á alþjóðlegan mælikvarða eru nauðsynleg til þess að akstursíþróttir geti vaxið og dafnað. Aðstoð við aðildarfélög við uppbyggingu keppnissvæða og mannvirki þeim tengdum eru eitt af stóru verkefnum sem AKÍS sinnir.

Ungliðastarf og hæfileikamótun.

Unnin verði heildarstefna og námskrá akstursíþróttabæði í barna og unglिंगastarfi ásamt hæfileikamótun fyrir afreksíþróttafólk í akstursíþróttum í takt við gildandi afreksstefnu sambandsins.

Stefnt skal að því að auka færni og getu ungra ökumanna í þeirra grein ásamt því að stuðla að bætingu þeirra í líkamlegu atgervi og andlegu hugarfari. Stutt skal við bakið á ungmennum innan keppnisgreina við persónulega markmiðasetningu.

Stefnt skal að fjölgun menntaðra þjálfara innan aðildarfélaga AKÍS og að gildistíma framtíðarsýnar þessarar lokinni verði öll félög með virkt afreksstarf með þjálfara sem lokið hafa þjálfarastigi 2 hjá ÍSí.

Unnin verði heildarstefna í kennslumálum akstursíþróttá, allt frá byrjenda námskeiðum til framhaldsmenntunar og mun AKÍS vinna að viðurkenningu þeirrar stefnu. Markmiðið er að koma



Akstursíþróttasamband Íslands

fyrstu stiginum inn í framhaldsskólana sem hiklaust efldi áhuga og auðveldaði aðgengi að akstursíþróttum, en einnig auka færni og getu ungra ökumanna. Menntunin verður heildstæðari og markvissari með samræmdri stefnu.

Menntun starfsfólks og fulltrúa AKÍS

Stefna AKÍS er að lykilstarfsmenn keppna hafi farið á námskeið um öryggismál akstursíþróttar auk þess sem sérhæfðari námskeið fyrir skoðunarmenn, öryggisfulltrúa og keppnisstjóra verði í boði ásamt námskeiðum fyrir dómara einstakra greina. Unnið verði eftir mótaðri námskrá við menntun starfsmanna í keppnishaldi sem og þeirra fulltrúa sem AKÍS skipar hverju sinni.

Stefna skal að því að aðgengi námsefnis starfsmanna sé hvað auðveldast og notkun myndefnis, net-námskeiða og fjarfunda nýtt til þess að landfræðilegar hindranir séu sem minnstar.

Stefnt skal að því að koma á laggirnar rafrænu menntakerfi þar sem að hægt verður að nálgast og nýta sér útgefið námsefni ásamt því í einhverjum tilfellum að þreytt verða próf í ákveðnum greinum.

Unnið skal náið með alþjóðaaaksturssambandinu FIA við að uppfæra námsefni og félagsmenn hvattir til þess að sækja sér enn frekari þekkingar og reynslu á erlendri grundu. AKÍS skal hlutast til um að starfandi starfsmenn og fulltrúar AKÍS fái aðgengi að keppnishaldi erlendis.

Alþjóðasamstarf

AKÍS er fullgildur aðili að FIA, sem er alþjóðlega akstursíþróttasambandið. Sem fullgildur aðili að FIA hefur AKÍS lagt mikla áherslu á öflugt alþjóðlegt samstarf og sérstaklega með samvinnu innan sem eru akstursíþróttasambönd innan svæðis Norður Evrópu.

Aðildin opnar möguleika fyrir íslenska akstursíþróttamenn að sækja keppnir erlendis og við getum líka haldið alþjóðlegar keppnir á Íslandi.

Skrifstofa AKÍS aðstoðar og vinnur með landsliðsnefndum/afreksfólk að þeirra verkefnum ásamt stjórn AKÍS. Skrifstofan hefur einnig yfirumsjón með erlendum samskiptum og sendir fulltrúa á nefndarfundi og aðalfundi FIA og vegna

Afreksstefna

Einstakar greinar akstursíþróttar eru talsvert ólíkar og standa misvel á alþjóðlegan mælikvarða og er betur fallið að gera sérstaka afreksstefnu fyrir hverja grein.

AKÍS vinnur að afreksstefnu í samstarfi við akstursíþróttafélögin og keppnisráðin og leggur fyrir ÍSÍ í samræmi við lög þess og reglugerðir.

AKÍS skal sérstaklega með Afreksstefnunni sinna málefnum sem að nýst geta þvert á keppnisgreinar akstursíþróttar.



Akstursíþróttasamband Íslands

2. Akstursíþróttafélögin í landinu

Akstursíþróttafélögin bera ábyrgð á framkvæmd keppna og eru uppeldisstöðvar fyrir keppendur. Þar fá félagsmenn tækifæri til að þjálfa sig, bæði á æfingum, félagsmótum, opnum mótum og stærri mótum.

Ungliðastarf er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu akstursíþróttar til lengri tíma og því mikilvægt að félögin sinni þessu. Akstursíþróttafélögin, í samvinnu við menntanefnd AKÍS vinna að gerð námsefnis og umgjarðar þessa starfs.

Afreksstefna AKÍS byrjar hjá félögunum sem benda á og hlúa að einstaklingum sem skara fram úr í sinni íþróttgrein.

3. Keppnisráð einstakra greina

Keppnisráð bera ábyrgð á reglum og framtíðarsýn einstakra greina. Þeim ber að hafa í huga erlendar reglur til að íslenskir keppendur séu samkeppnishæfir við erlenda öikumenn. Þetta á við bæði um keppnisreglur og einnig búnað og gerðir keppnistækja.

Keppnisráðin fylgjast náið með frammistöðu keppenda í viðkomandi grein akstursíþróttar og tilnefna keppendur til Akstursíþróttamanns ársins. Keppnisráð skulu einnig fylgjast með árangri keppanda og koma með tillögur að efnilegu akstursíþróttafólki sem erindi á í afreksstarf AKÍS.

4. Landsliðsnefndir AKÍS

Þegar þurfa þykir, skipar stjórn AKÍS landsliðsnefnd sem má vera fyrir einstaka keppnisgrein. Verksvið landsliðsnefnda er að koma með tillögur að afreksstefnu viðkomandi greinar, skilgreina vörður og tímaramma, velja keppendur í landslið og sjá um að þjálfun landsliðsins sé markviss og skili árangri.

Nefndirnar aðstoða keppendur er keppa erlendis, bæði við skipulagninu flutnings ökutækja og tollafgreiðslu þeirra ásamt öðru sem snýr að þátttöku í erlendum keppnum í samstarfi við skrifstofu AKÍS. Augljós galli á þátttöku keppenda á alþjóðlegum mótum er sá mikli kostnaður sem fylgir því að flytja keppnistæki út fyrir landsteinana.

Í þeim greinum þar sem ekki hafa verið skipaðar landsliðsnefndir þjóna keppnisráð því hlutverki.

5. Keppendur

Keppendur sem valdir eru sem afreksfólk af AKÍS koma fram sem fulltrúar Íslands og verða því að sýna drengilega og þróðmannlega framkomu.

Afreksfólki ber sérstaklega að fylgja keppnisreglum og agareglum fyrir sína grein og vera þannig fyrirmynd innávið og útávið í starfi AKÍS, ekki síst gagnvart þeim sem eru að stíga sín fyrstu spor í akstursíþróttum.



Akstursíþróttasamband Íslands

Aðstaða

Aðstæður til keppni í akstursíþróttum hafa farið batnandi hin síðari ár, en ljóst er að mikið þarf að gera til að þær séu í samræmi við þær aðstæður sem afreksmenn akstursíþróttanna í nálægum löndum njóta.

Vottun og viðurkenningar á akstursíþróttasvæðum

Sótt hefur verið um aðstoð frá FIA til þess að fara yfir öryggismál og hönnun þeirra akstursíþróttasvæða sem eru hérlendis og eru notuð í aksturskeppnum. Þetta eru svæði Kvartmíluklúbbsins við Álfhelli í Hafnarfirði, Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krýsuvíkurveg auk svæðis Bílklúbbs Akureyrar við Hlíðarfjallsveg. Stefnt er að því að vottun þessara svæða verði orðin að veruleika fyrir keppnistímabilið 2020.

Viðhald vega fyrir keppnir í rally

AKÍS kemur fram sem sameiginlegur fulltrúi þeirra akstursíþróttafélaga sem hafa rally akstur á sínum snærum. AKÍS mun hafa forgöngu um að ræða við veghaldara þeirra vega sem notaðir eru og vilji er til að nota í rally keppnum, en hér er aðallega um að ræða Vegagerðina ásamt einhverjum sveitarfélögum.

Vegir sem notaðir eru fyrir rally eru margir af þeim sömu vegum og mikið eru notaðir af ferðamönnum og ferðapjónustuaðilum. Til að valda ekki vandræðum og árekstrum við ferðapjónustuaðila, þarf að skoða notkun vega sem minna eru notaðir.

Æfingar og þjálfun

Þau félög sem hafa komið sér upp sérstökum svæðum til akstursíþróttanna eru með góða aðstöðu fyrir æfingar félagsmanna. Komin er viðunandi aðstaða til æfinga í rallycross, spyrnu (kvartmílu og götuspyrnu), gokart, drift og aðstaða til hringaksturs er væntanleg árið 2016.

Aðstaða keppenda til æfinga í rally, torfæru og sandspyrnu er lítil sem engin og þarf að bæta.

Fyrir æfingar í rally þarf vegbút sem keppendur gætu komið og prófað tæki sín á og æft utan þess þrönga ramma þar sem opið er fyrir akstur rallybíla dagana kringum keppnir.

Á svæði Bílklúbbs Akureyrar er aðstaða til að æfa torfæru, en ekki er slíkt að finna annarsstaðar á landinu. Stefnt er að því að koma upp fleiri æfingasvæðum fyrir torfæru.



Akstursíþróttasamband Íslands

Framkvæmd afreksstefnu

Nauðsynlegt er að skilgreina afreksmarkmið viðmið í hverri keppnisgrein. Stjórn AKÍS skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við keppnisráð og aðildarfélög sambandsins og kynna þau. Eftirfarandi skal vera til hliðsjónar:

- **Framúrskarandi afreksmaður:** Keppandi skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- **Afreksmaður:** Keppandi sem stenst ákveðna viðmiðun í viðkomandi grein.
- **Afreksefni:** Keppandi sem ekki hefur náð jafn langt en gæti með markvissri og mikilli þjálfun skipað sér á bekk með þeim bestu.

Þó yfirstjórn afreksíþróttastarfsins sé hjá sambandinu og landsliðsnefndum verða keppnisráðin ásamt aðildarfélögum að axla sameiginlega ábyrgð á því að uppfylla afreksíþróttastefnu og skiptir þá öllu að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt hjá AKÍS, landsliðsnefndum, keppnisráðum, aðildarfélögum og keppendum.

Frumskilyrði til að ná árangri á heimsmeikvarða er að æfingum og þjálfun sé sinnt með það í huga. Tryggja verður að afreksmenn hafi líkamlegt og andlegt atgervi til að takast á við átök sem óneitanlega eru meiri þegar komið er í stærri keppnir.

Í stærri keppnum er nauðsynlegt að með keppendum fylgi fagteymi til að sjá um hag og öryggi keppenda. Þetta eru til dæmis, læknar, nuddarar, fararstjórar og fleiri.

Skilgreina þarf fjárhagslega aðkomu AKÍS að afreksstarfinu og fylgja með í reglugerð afrekstefnu einstakra greina.



Akstursíþróttasamband Íslands

Markmið og leiðir

Markmið	Leiðir	Mæling
Bæta aðstöðu og öryggi til æfinga og keppni fyrir akstursíþróttir	<p>Styrkur frá FIA til þess að fara yfir öryggismál og hönnun þeirra akstursíþróttasvæða sem eru héraðs og eru notuð í aksturskeppnum</p> <p>Skilgreina þá aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir akstursíþróttir</p> <p>Hvetja opinbera aðila til að styrkja uppbyggingu akstursíþróttasvæða</p>	<p>Fjöldi vottaðra akstursíþróttasvæða sem uppfylla kröfur FIA</p> <p>Framkvæmdar endurbætur til samræmis við kröfur FIA</p> <p>Fjármagn opinberra aðila sem fer til AKÍS og félaga innan sambandsins til uppbyggingar keppnissvæða</p>
Bætt aðstaða fyrir keppnir í rally	<p>Taka upp viðræður við Vegagerðina og sveitarfélög til að bæta aðgengi rally keppna að vegum sem eru til staðar</p> <p>Taka frá vegbút sem ekki er lengur í notkun fyrir almenna umferð. Þar gætu keppendur komið og prófað tæki sín og æft utan þess þrönga ramma þar sem opið er fyrir akstur rallbíla dagana kringum keppnir</p>	<p>Heildarlengd sérleiða í rally</p> <p>Fjármagn opinberra aðila sem fer til AKÍS og félaga innan sambandsins til viðhalds vega</p>
Bætt aðstaða fyrir keppnir í torfæru	Taka frá svæði fyrir æfingar í torfæru í nágrenni við Reykjavík.	
Miðla þekkingu á meðhöndlun og öryggi ökutækja til keppenda, almennra vegfarenda og opinberra aðila	<p>Að efla samvinnu við opinbera aðila sem sinna umferðarmálum á Íslandi</p> <p>Fjölga þeim námskeiðum um öryggi og meðhöndlun</p>	Fjöldi námskeiða og samstarfsfunda



Akstursíþróttasamband Íslands

	ökutækja	
Markaðssetning akstursíþróttar	<p>Kynna akstursíþróttir í skólum sem og á vinnustöðum</p> <p>Stuðla að jákvæðri umræðu í fjölmiðlum um akstursíþróttir</p> <p>Hvetja sjálfstæða þáttagerðarmenn og ljósmyndara til umfjöllunar á samfélagsmiðlum</p> <p>Kynna mikilvægi akstursíþróttar fyrir aukið öryggi umferðinni</p>	Fjöldi greina í blöðum og þátta í sjónvarpi og samfélagsmiðlum
Aukið ungliðastarf leiði til bættrar getu og færni ungra ökumanna	<p>Unnin verði heildarstefna í kennslumálum akstursíþróttar, allt frá byrjendanámskeiðum til framhaldsmenntunnar</p> <p>Koma fyrstu stigum byrjendanámskeiða inn í framhaldsskólana</p> <p>Lækka aldursviðmið í reglugerð um akstursíþróttir</p>	Fjöldi ungliða innan greina sambandsins
Aukin þátttaka í keppnum erlendis	<p>Stofnun landsliðsnefnda</p> <p>Keppnisreglur AKÍS skulu taka mið af alþjóðlegum reglum til þess að keppandi geti farið með keppnistæki til keppni erlendis og að tækið falli þar inn í viðurkennda flokka</p>	<p>Fjöldi keppenda sem tekur þátt í keppnum á erlendri grundu</p> <p>Fjöldi landsliðsverkefna</p>
Veita afreksíþróttafólki akstursíþróttar fjárhagslegan stuðning	Að framlög ríkis, sveitarfélaga og styrktaraðila til akstursíþróttar aukist.	Fjármagn til uppbyggingar akstursíþróttar